

Eyjólfur Helgi Þórarinsson (1918-1987), rafvirkjameistari,  
María Sigríður Hermannsdóttir (1923-2012), húsmóðir

2020/30

Eyjólfur Helgi Þórarinsson fæddist 26. nóvember 1918 í Keflavík. Hann lést 30. maí 1987. Faðir Eyjólfur var Þórarinn Eyjólfsson f. 2. mars 1890, d. 26. mars 1971, útgerðarmaður og smiður. Móðir Eyjólfur var Elínrós Benediktsdóttir, f. 8. febrúar 1890 d. 4. mars 1974, ljósmóðir. Hann átti sex systkini, fjóra bræður og tvær systur.

Eyjólfur stundaði sjómennsku og landvinnu frá fermingu og þar til hann hóf iðnnám.

Eyjólfur nam rafvirkjun við Iðnskólann á Akureyri. Hann fluttist til Keflavíkur og setti á stofn Raftækjavinnustofu Keflavíkur, flutti til Akureyrar 1947 og rak raftækjavinnustofu og verslunina Afl til 1956. Þá flutti hann aftur til Keflavíkur, í þetta sinn varanlega. Þar hóf hann störf hjá Sameinuðum verktökum, síðar Aðalverktökum til 1959. Þá stofnaði hann Raftækjavinnustofu Keflavíkur aftur. Eyjólfur fékk sveinspróf í rafvélavirkun 1963. Hann stofnaði Alternator hf. árið 1971 sem hann rak til 1981. Seinustu árin vann Eyjólfur að þróunarverkefni.

Hann var kvæntur Maríu Sigríði Hermannsdóttur. Þau giftu sig 16. ágúst 1941.

María var fædd 13. júlí 1923 á Akureyri og lést 10. mars 2012 á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlévangi í Keflavík. Faðir hennar var Hermann Jakobsson, f. 10. desember 1894, d. 2. maí 1958, verkamaður. Móðir hennar var Magðalena Guðrún Magnúsdóttir, f. 27. mars 1901, d. 1. apríl 1981, húsfreyja. María var elsta barn foreldra sinna, átti hún fimm systkini, fjóra bræður og eina systur.

María var virk í félagsmálum, hún var einn af stofnendum Styrktarfélags Keflavíkurkirkju, einn af stofnendum Styrktarfélags Sjúkrahúss Keflavíkur lækniákaðs og var líka stofnandi Styrktarfélags Sjúkrahúss Suðurnesja. Þar var hún kosin varaformaður í fyrstu stjórn félagsins. Hún var félagi í Kvenfélagi Keflavíkur, tók þátt í starfi eldri borgara í Keflavík og var í saumaklúbbi að nafni „Bláa blómið“

Eyjólfur og María áttu saman fimm börn, fjórar stúlkur og einn dreng.

Afhendingin barst frá Guðrúnu Eyjólfsdóttur, dóttur Eyjólfur og Maríu, er þetta fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

17. ágúst 2020

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## A-Eyjólfur Helgi Þórarinsson og María

## A-Eyjólfur Helgi og María Sigríður

1928 - 1948

A	1	1	1936 - 1936	Bréf til Maríu frá sænskri vinkonu, Birgit.
A	1	2	1928 - 1937	Bólusetningarskírteini 1937; frumbólusettingarvottorð 1928
A	1	3	1932 - 1934	Prófstílar, prófskrift og prófreikningur, allt próf sem María tók.
A	1	4	1931 - 1937	Einkunnarbækur Maríu úr Barnaskólanum á Akureyri.
A	1	5	1935 - 1948	Símskeyti: afmælis-, nýárs- og jólakveðjur. Ýmist stíluð á Eyjólf, Maríu eða alla fjölskylduna.
A	1	6	1937 - 1937	Fermingarkort til Maríu, 16.5.1937, eitt ljóð frá föður hennar í tilefni af fermingardegnum.
A	1	7	1941 - 1941	Hjónavígslubríf Eyjólf og Maríu 14. ágúst 1941.
A	1	8	1941 - 1941	Símskeyti með heillaóskum vegna brúðkaups Eyjólf og Maríu, 16. ágúst 1941.